

## Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla: *Aðgerðaáætlun 2014 og staða haust 2015*

Ágúst 2015

## 1. KYNNING

Tilefni þessarar greinargerðar er kynning á gerð og stöðu aðgerðaáætlunar fyrir sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar í kjölfar Úttektar á fyrirkomulagi og framkvæmd sérfræðiþjónustu í sex sveitarfélögum (Attendus fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014) þar sem Hafnarfjörður var eitt umræddra sveitarfélaga sem valið var samkvæmt ákveðnum úrtaksreglum. Markmið úttektarinnar var að greina stöðu sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla landsins út frá nýjum lögum um skólastigin (frá árinu 2008) og reglugerðum (sem flestar komu út á árunum 2009-2011). Markmið úttektarinnar var þannig að áttá sig á því hvernig regluverkið um sérfræðiþjónustu væri farið að skila sér í starfsemi sveitarfélaganna. Það væri skoðað þrátt fyrir að lög um grunnskóla hefðu ekki að fullu tekið gildi en það gerist fyrst skólaárið 2015-2016. Í skýrslunni er umfjöllun um Hafnarfjörð á bls. 22-29 og er meginviðfangsefni þessarar greinargerðar.

Þegar úttektin hófst skilaði sveitarfélagið greinargerð um uppbyggingu sérfræðiþjónustunnar (2013) til ráðuneytis menntamála og gerði einnig athugasemdir við drög að skýrslunni (2014). Bent er á þær skýrslur sérstaklega og því er efni þeirra ekki tekið saman hér að neinu marki.

Rétt er þó að kynna að sérfræðiþjónusta við leik- og grunnskóla er mjög víðtækt hugtak sem vísar til stuðningsþjónustu sem ætluð er nemendum og foreldrum en einnig starfsfólk skólanna. Þó verður að áttá sig sig á að sumt starfsfólk skólanna er skilgreint sem hluti sérfræðiþjónustu (t.d. sérkennrarar, náms- og starfsráðgjafar) en aðrir ekki (t.d. almennir kennrarar og skólastjórnendur) á meðan aðrir starfsmenn sérfræðiþjónustunnar starfa á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar (t.d. skólasálfræðingar, talmeinafræðingar og sérkennslufulltrúar/-ráðgjafar, þróunarfulltrúar). Umrædd stuðningsþjónusta við skólana, gjarnan nefnd stoðþjónusta, skiptist í meginatriðum í þrennt, þ.e. sérfræðiþjónustu á vegum sveitarfélagsins, félagsþjónustu á vegum sveitarfélags og ríkis og heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins. Til sérfræðiþjónustunnar heyrir t.d. sálfræðiþjónusta, talmeinaþjónusta, nýbúakennsla, sérkennsla og forvarnarmál; til félagsþjónustu barnavernd og lögreglumál og til heilbrigðisþjónustu tilheyrir þjónusta frá heilsugæslu (m.a. þroska- og hegðunarstöð heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, PHS), Landsspítala (BUGL) og öðrum ríkisstofnunum eins og Greiningarstöð ríkisins (GRR). Allar þessir þjónustuaðilar eru mikilvægir samstarfsaðilar sérfræðiþjónustu sveitarfélaga sem ber þó sjálf meginábyrgðina í þeirri framkvæmd að veita nemendum viðeigandi stuðning í námi sínu og skólagöngu og samhæfa við aðra stuðningsþjónustu sveitarfélags og ríkisvalds.

Svona rétt til kynningar þá er það meginþjónarmiðið í skipulagi sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla að hún er unnin í launþegavinnu af starfsfólk Skólaskrifstofu og skólanna í Hafnarfirði. Verkefni sérfræðiþjónustunnar hafa einnig breyst með tímanum frá því að byrja sem aðstoð við nemendur sem þyrftu sérstakan stuðning í námi vegna þroskaskerðingar (s.s. lestrarkennslu) og hegðunarvanda (s.s. tilfinningavandi) í það í dag að ná til bæði nemenda vegna sértækra örðugleika (náms-, hegðunar-, félags-, þroska- og tilfinningavandi) og almennra viðfangsefna (t.d. kennslu tvítyngdra nemenda og almennra forvara). Þannig nær sérfræðiþjónustan bæði til almennu kennslufræðinnar sem nær til allra nemenda og sérkennslufræðinnar sem nær aðeins til sumra nemenda og þá þeirra sérstaklega sem þurfa mikinn sérstuðning af ýmsum ástæðum. Yfirmaður sérfræðiþjónustunnar er sviðsstjóri fræðsluþjónustunnar en verkefni hennar dreifast stjórnunarlega á þrjá aðra starfsmenn Skólaskrifstofunnar, þ.e. þróunarfulltrúa leik- og grunnskóla og deildarstjóra sálfræði- og talmeinaþjónustu, ef frá er talið að aðrir starfsmenn hennar starfa undir verkstjórn skólastjórnenda í einstaka skólum (t.d. náms- og starfsráðgjafar, sérkennrarar).

## **2. INNGANGUR**

Í umræddri skýrslu er kynnt samantekt á sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla í Hafnarfirði sem unnin er út frá viðtolum starfsfólks Attendus við rýnihópa (foreldra, starfsmanna skólanna og starfsfólks sérfræðiþjónustunnar) auk spurningakönnunar sem lögð er fyrir foreldra og starfsfólk skólanna. Á grunni þess leggja skýrsluhöfundar til margvíslegar aðgerðir til úrbóta og eru þær alls 19. Þær eru þessar:

### **Mögulegar aðgerðir Hafnarfjarðar til úrbóta samkvæmt skýrslu Attendus (bls. 22-28).**

#### **4.1 Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu**

- i. Staðið verði fyrir árlegri kynningu á sérfræðiþjónustu fyrir (a) starfsmenn og (b) foreldra.
- ii. Sveitarfélagið styðji sérstaklega við starfsmenn grunnskóla.
- iii. Auka samstarf við ríkisstofnanir um málefna nemenda.
- iv. Leita þarf leiða til að léttu álagi af starfsfólk Skólaskrifstofa.
- v. Tilfærsla milli leik- og grunnskóla feli í sér sömu þjónustu fyrir nemendur.
- vi. Bætt verði aðgengi, aðbúnaður og aðstaða í skólunum.
- vii. Aukin upplýsingamiðlun milli sérfræðiþjónustu, barnaverndar og heilsugæslu.
- viii. Betri upplýsingagjöf milli skólastiga um 6 ára nemendur.
- ix. Foreldrar fái aðgengi að gögnum.
- x. Skólar veiti báðum foreldrum nægar upplýsingar um málefni barna sinna.
- xi. Leita leiða til að stytta biðtíma í greiningum.
- xii. Foreldrar séu upplýstir um aðgengi að túlkabjónustu.

#### **4.2 Starfshættir sérfræðiþjónustu**

- xiii. Að lokinni endurskoðun þarf að kynna verkferla og verklagsreglur fyrir starfsmenn og foreldra.
- xiv. Efla forvarnir í skólastarfi enn frekar.
- xv. Huga að forvörnum fyrir nemendur af erlendu bergi sérstaklega.
- xvi. Auka eftirfylgni og mat á árangri í vægari málum.
- xvii. Sveitarfélagið skoði aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra.
- xviii. Sérfræðiþjónustan skilgreini stuðning sinn við foreldrafélög, foreldra- og skólaráð skólanna.
- xix. Frekari stuðningur við foreldrastarf í gegnum formlegt samráð.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar hefur skoðað aðgerðatillögurnar og unnið með þær allt frá útkomu skýrslunnar þótt sumar aðgerðir hafi reyndar verið farnar í gang áður en úttektin kom til. Hér áfram er kynnt aðgerðaáætlun sem sérfræðiþjónustan hefur unnið eftir og staða mála haustið 2015. Farið er í hverja tillögu úttektar ráðuneytisins, röksemd hennar, aðgerðaráætlun sérfræðiþjónustunnar og sjónarmið hennar í framkvæmd hennar, m.a. mikilvægi, staða og eðli í framkvæmd. Í lokin eru dregin saman sjónarmið og áherslur sérfræðiþjónustunnar í þeim aðgerðum sem hún vinnur að þessi misserin.

Almennur hluti skýrslu Attendus er því utan umfjöllunar hér í þessari greinargerð þótt áhugaverð sé í sjálfu sér.

### 3. AÐGERÐAÁÆTLUN MEÐ STÖÐUMATI HAUSTIÐ 2015

Hér áfram verður kynnt aðgerðaáætlun sérfræðiþjónustu út frá áherslum úttektar Attendus (en ekki endilega því sem sérfræðiþjónustan er sjálf að vinna að og því eru umbótaverkefni hennar fleiri en koma fram hér áfram). Sérstaklega verður nú vikið að hverri aðgerðartillöggunni 19 sem er að finna í skýrslu Attendus og skýrð sjónarmið sérfræðiþjónustunnar til þeirra og viðbrögð eftir atvikum. Farið er eftir þeirri röð sem tillögurnar birtast í skýrslunni sjálfi undir tveimur undirköflum, 4.1. og 4.2. Verður nú rætt um hverja þessara 19 tillagna.

#### 4.1 Skipulag og framkvæmd sérfræðiþjónustu

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf-unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða máls haustið 2015
i. Staðið verði fyrir árlegri kynningu á sérfræðiþjónustu fyrir (a) starfsmenn og (b) foreldra.	Ónóg vitneskja um sérfræðiþjónustuna meðal starfsfólks og foreldra.	<ul style="list-style-type: none"><li>Útbúin verði kynning á sérfræðiþjónustunni og komið á framfæri við foreldra og starfsfólk.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Kynning tilbúin í starfs-áætlanir grunnskóla. Í skoðun með frekari kynningar.</li></ul>

Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:

- Spurning um „kynningu á sérfræðiþjónustunni“ getur falið í sér margt og óljóst hvað slíkt felur í sér nákvæmlega, þ.e. kynning á sérfræðiþjónustunni sem hlutverki hennar og starfsfólk eða margvíslegum verkefnum sem eru stöðugt í kynningu hjá okkur. Þannig fær t.d. nýtt starfsfólk við grunnskóla árlega kynningu á SMT-skólafærni og fræðslu um forvarnir kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum. Í skólunum er veitt fræðsla um margvíslega þætti sem snýr að sérfræðiþjónustu, t.d. fræðsla fyrir starsfólk um einhelti, ADHD, SMT, eftir því sem skólanir óska eftir og sömuleiðis hagsmunahópum foreldra eftir því sem við á og óskað er eftir. Fræðsluþörfirn er þá gjarnan aðstæðubundin, þ.e. kemur til vegna sérstakra aðstæðna í hverjum skóla. Þannig kynnir skolasálfræðingur verkefni sín í viðkomandi skóla frekar en að almenn kynning sé eins fyrir alla starfsmenn.
- Sérfræðiþjónustan hefur ekki talið það meginverkefni sitt að vera stöðugt að kynna sjálfa sig og starfsmenn hennar. Frekar hefur þjónusta verið kynnt einstaka foreldrum eftir því sem talið hefur verið þörf fyrir út frá þörfum barna þeirra. Þannig hefur áherslan verið á sérhæfðar kynningar frekar en almennar því það sé spurning um hagkvæmnissjónarmið. Þannig teljum við að þeir foreldrar sem hafi þörf fyrir sérstaka þjónustu fái fræðslu eftir því sem við á hverju sinni. T.d. fá foreldrar 6 ára barna með miklar sérþarfir og eru á leið í grunnskóla sérstaka þjónustu við val á skólaúrræði grunnskóla. Starfsfólk skóla bendir foreldrum á nauðsynlega þjónustu þegar vandi barna gefur slíkt til kynna, s.s. vegna ADHD eða einhverfu og þá fer í gang greiningarferli í skóla. Stöðug kynning er því í gangi þótt foreldrar sem „ekki hafa þörf á slíkri þjónustu“ viti ekki af því líkt og má kannski lesa út úr könnun sem lá að baki þessari tillögu.
- Kynning ein og sér er þó ekki nægileg. Samhliða umræddri kynningu er verið að fara yfir allar verklagsreglur sérfræðiþjónustunnar sem snúa að margvíslegri þjónustu sem nemendum stendur til boða og nýja regluverkið krefst. Margar reglur eru þegar klárar en aðrar eru enn í endurskoðun. Þegar lokið er endurskoðun þeirra mun þær kynntar, bæði starfsfólk og foreldrum. Megináhersla okkar hefur því ekki verið á kynningu heldur á því að verklagsreglur og vinnuferlar séu nægilega skýrir og vinni sem mest að lausnum í námi nemenda.
- Samhliða kynningu á starfsháttum sérfræðiþjónustunnar, þ.e. verkefnum og verklagsreglum, er unnið að því að opna fyrir það að foreldrar geti sótt um alla þjónustu til sérfræðiþjónustunnar á rafrænan hátt í gegnum vef Hafnarfjarðar. Þrátt fyrir það að foreldrar geti þá sótt um alla þjónustu rafrænt teljum við samt að í mörgum tilvikum séu það skólanir og sérfræðiþjónustan sem bendi foreldrum á þjónustu hverju sinni og hafi frumkvæði að slíku frekar en foreldrar.

Staða haustið 2015:

- Kynning á stoðþjónustu við grunnskólaforeldra, með áherslu á þann stuðning sem sérfræðiþjónusta sveitarfélagsins stendur fyrir, hefur verið í vinnslu í nokkur ár. Vorið 2015 voru tilbúin kynningardrög fyrir grunnskólann og ætlunin er að birtist í starfsáætlunum grunnskóla bæjarins fyrir árið 2015-2016. Hvernig hugað verði að frekari kynningu á sérfræðiþjónustunnini er í skoðun. Þannig hefur áhersla sérfræðiþjónustunnar í Hafnarfirði verið sú að ljúka innleiðingarferlum vegna nýrra aðalnámskráa skólastiganna með starfsfólk ÁÐUR en kynningar fara til foreldra. Þar sem aðalnámskráa skólastiganna koma ekki til framkvæmda að fullu fyrr en skólaárið 2015-2016 hafa kynningar til foreldra beðið á meðan undirbúningur meðal starfsfólks er í gangi.
- Aðeins lítill hluti umsóknarferla sérfræðiþjónustunnar eru komnir í rafrænt umsóknarferli í ágúst 2015 en vænst er frekari vinnu og úrlausna hér skólaárið 2015-2016.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemð skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða máls haustið 2015
ii. Sveitarfélagið styðji sérstaklega við starfsmenn grunnskóla.	Ónógr stuðningur sé við starfsfólk skólanna, sérstaklega grunnskóla.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Greint verði hvaða stuðning sem starfsfólk grunnskóla vantar sérstaklega.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Eftir er að móta hvernig upplýsingaöflun muni eiga sér stað og hvenær aflað.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:*

- Sérfræðiþjónustan veitir starfsfólk skólanna margvíslega þjónustu og líklega mest í tengslum við einstök börn sem þurfi mikinn stuðning, s.s. ráðgjöf, vinna í teymisráði, SMT-skólfærni. Þannig fái 20-30% nemenda í grunnskólum sérstuðning í formi sérkennslu og kennsluráðgjöf í tengslum við sérkennslu, sálfræðiþjónustu, talmeinaþjónustu og aðra sértæka þjónustu. Þar er mikilverðasti stuðningur við starfsfólk. Hvort þeir óski eftir öðrum eða meiri stuðningi af sama tagi er því mjög óljóst samkævmt skýrslunni. Er þetta t.d. krafa starfsfólks skóla um meira fjármagn til stuðnings við nemendur (sérkennsla, þroskaþjálfun, iðjuþjálfun o.p.h.) frekar en ráðgjöf sérfræðiþjónustunnar?
- Það er sjónarmið sérfræðiþjónustunnar að það sé mikil fræðsla í gangi og hugsanlega mjög mikil miðað við sérfræðiþjónustur annarra sveitarfélaga á landinu, ekki síst í fámennari sveitarfélögum. Þannig er í Hafnarfirði mjög mikil og sérhæfð þjónusta varðandi nemendur með hegðunarfanda (SMT-skólfærni sem hluti PMTO) og samstarf við Blátt áfram um fræðslu til allra starfsmanna um varnir kynferðislegs ofbeldis gagnvart börnum (Verndrarar barna). Etta er aðeins brot margvíslegrar fræðslu sem árlega fer fram, bæði kostuð af sveitarfélagini bein en einnig af fjármunum sem sóttir eru í Endurmenntunarsjóð grunnskóla (því ríkið ber ábyrgð á endurmenntun kennara og ráðgjöfssérfræðiþjónustu hlýtur að flokkast þar undir).
- Ef það sjónarmið er í gangi að ónógr stuðningur sé til staðar við starfsfólk skólanna þarf einfaldlega að fá meiri upplýsingar um það. Er það spurning um meira fjármagn eða ráðgjöf/fræðslu til kennara?
- Innan sérfræðiþjónustunnar eru frekar áhyggjur gagnvart starfsfólk leikskóla en starfsfólk grunnskóla. Nálægt 50% starfsmanna leikskóla í Hafnarfirði er ófaglærðr og það háir faglegu starfi. Það á ekki síst þegar um er að ræða börn með sérþarfir sem eru aðalskjólstæðingar sérfræðiþjónustunnar.

*Staða haustið 2015:*

- Áframhaldandi þjónusta er við starfsmenn með almennri fræðslu. Ekki hafa komið fram nánari upplýsingar um hvað skorti hér eða hvernig þess verði leitað.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemð skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða máls haustið 2015
iii. Auka samstarf við ríkisstofnanir um málefni nemenda.	Ónog samráð í gangi að mati starfsfólk sérfræðiþjónustu	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engin sérstök tillaga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ákveðið samstarf er í gangi sem þarf tíma til að þróast</li> </ul>

### Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:

- Það er sjónarmið sérfræðiþjónustunnar að samstarf við félagsþjónustu og heilbrigðisþjónustu sé mikilvægt því þeim sé ætlað ákveðið hlutverk í þyngri málum. Ef sú þjónusta er ekki til staðar strax og hennar er börf er hætta á að rof komi í þjónustu við nemendur. Slíkt getur hamlað árangri ef mikil bið er í þjónustu ríkisstofnana í slíkum tilvikum. Það leikur enginn vafi á að þjónustubörf er að aukast og það helsta sem sést í ríkiskerfinu er breyting á ferlum þar til að fækka þjónustumöguleikum (t.d. GRR). Árangur í starfi sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins er þannig háður að ríkisstofnanir veiti sinn hluta þjónustu á heppilegum tíma.
- Vandinn. Í reynd tvöfaldur biðlisti í mörgum tilvikum fyrri nemendur/skóla, þ.e. fyrst gagnvart sérfræðiþjónustu sveitarfélags og síðan aftur hjá ríkinu. Dæmi: Bið um greiningu á barni hjá sálfræðingi sem bendir til frekari vanda og þá er ætlast til að máli barns sé vísað lengra (t.d. GRR, PSH, Barnahús) og þá tekur annar biðlisti við. Frá sjónarhóli skóla og foreldra koma því röð biðlista, mislangir.

### Staða haustið 2015:

- Sveitarfélagið er háð afstöðu ríkisstofnana hér sem virðast skilgreina verkefni sín sjálf án þess að leita samráðs um slíks samstarfs sem óhjákvæmilega hefur í mörgum tilvikum áhrif á sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Dæmi um slíkt eru t.d. breytingar á verklagsreglum Greiningarstöðvar ríkisins árið 2015 um minnkun á þjónustu við fjölda skjólstæðinga (sem færast þá algjörlega á sveitarfélögin) en aukningu á þjónustu við fáa skjólstæðinga (og óljóst er hvort slíkt hefur áhrif til minnkunar á þjónustu sveitarfélaganna við þau). Meginatriðið er ekki breytingin á verklagsreglum ríkisstofnana heldur ekkert samráð við sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna um slíkt. Ríkisstofnanir virðast hafa sjálfdæmi í slíkri ákvarðanatöku þrátt fyrir að sveitarfélögin séu samráðsaðili að máli en hafa samt ekki aðkoma að borðinu um framkvæmd þjónustu því ríki(svaldið) tekur þær ákvarðanir einhliða). Það gerir að verkum að sérfræðiþjónusta sveitarfélags á svo erfitt með að skilja að það sé gagnrýnt fyrri skort á þjónustu eða samráði við skjólstæðinga sína.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemnd skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða máls haustið 2015
iv. Leita þarf leiða til að léttu á lagi af starfsfólk Skóla-skrifstofa.	Miklir biðlistar í gangi.	<ul style="list-style-type: none"><li>Verkferlar og verklag sérfræðiþjónustu endurskoðað.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Er enn í gangi haustið 2015.</li></ul>

### Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:

- Biðlistar eru í gangi, mislangir og mismiklir eftir því hvaða þjónustukröfur eru í gangi og óljóst hvort þeir séu í öllum tilvikum eðlilegir. Stöðugt er verið að endurraða forgangi til að leita leiða til að stytta biðtíma og biðlista. Að lokum eru biðlistar háðir fjármagni sem sveitarfélagið veitir til sérfræðiþjónustunnar sem að lokum er fjárhagsáætlunarmál sveitarfélagsins sem lýtur sérstökum lögum umfram verkefni sérfræðiþjónustunnar. En þrátt fyrir að biðlistar séu í gangi er það hluti verklagsreglna okkar að börn fái þjónustu sem næst þeim vanda sem áætlaður er. Dæmi: Komi fram grunur um einhverfu hjá barni þarf það að fara í formlegt greiningarferli er um leið er hafin vinna með barni út frá vinnubrögðum sem henta vel einhverfum nemendum.

### Staða haustið 2015:

- Varðandi verklag sérfræðiþjónustunnar og áhrif þess á biðlista er lögð áhersla á að skólar veiti nemendum þjónustu í formi heppilegra aðgerða meðan beðið er eftir greiningum. Greiningarbeidnir benda til ákveðins vanda og því hægt að vinna með ákveðnar aðgerðir meðan beðið er ítarlegri greininga. Út á það ganga verklagsreglur sérfræðiþjónustunnar sem unnið er eftir í dag.
- Helst hefur verið bið eftir þjónustu talmeinafræðinga og þá sérstaklega í leikskólam. Tillögur hafa komið fram um aukningu á þeirri þjónustu og er það í sérstakri skoðun.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf- unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðipjónustu	Staða máls haustið 2015
v. Tilfærsla milli leik- og grunnskóla feli í sér sömu þjónustu fyrir nemendur.	Rof í þjónustu milli skólastiga, þ.e. skerðing við flutning í grunnskóla	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skoðuð verða einstök dæmi ef þau koma fram.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engin sérstök dæmi hafa komið fram.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðipjónustunnar:*

- Það er ekki sjálfgefið að barn sem fær þjónustu í leikskóla fái það í grunnskóla sömuleiðis. Það á sér stöðugt mat á þörfum nemenda um stuðning, til minnkunar eða aukningar eftir aðstæðum.
- Það er staðreynnd að mun meira fjármagn hlutfallslega fer til stuðnings nemendum í grunnskóla en leikskóla. Hvort í einhverjum tilvikum að börn sem hafi fengið sérhæfða þjónustu í leikskóla en ekki í grunnskóla þrátt fyrir þarf þar um þurfum við að fá einstök dæmi/tilvik þar um. Og komi þau fram verði þau skoðuð. En fyrirfram er ekki hægt að skilgreina að börn fái sömu þjónustu í leik- og grunnskóla þótt alltaf sé leitast til þess að veita fullnægjandi þjónustu. En hún takmarkast alltaf af fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins sem er lokaákvörðun um veitingu þjónustumagns.

*Staða haustið 2015:*

- Sérfræðipjónustan hefur ekki fengið þau sérstaklega inn á sitt borð þótt þessi umræða hafi heyrst. En gerist slíkt verða slík málúð skoðuð sérstaklega.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf- unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðipjónustu	Staða máls haustið 2015
vi. Bætt verði aðgengi, aðbúnaður og aðstaða í skólunum.	Óljósar raddir um misjafnt rými í skólunum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leitað verði eftir upplýsingum frá öllum skólam og hvar hugsanlega sé skortur á aðgengi, aðbúnaði og aðstöðu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Engar sérstakar, nýjar upplýsingar hafa komið fram um hvar vontun sé til staðar.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðipjónustunnar:*

- Leik- og grunnskólar bæjarins eru byggðir út frá byggingastöðlum á hverjum tíma sem miða að því að aðgengi, aðbúnaður og aðstaða í skólum sé til að skólastarf verði fullnægjandi, einnig til að sinna sérfræðipjónustu. Við teljum svo vera og höfum ekki beint dæmi um annað. Hins vegar getur verið að kröfur um þjónustu í skólum séu að aukast um þætti sem ekki voru til staðar áður, s.s. til iðjuþálfunar í húsnæði leikskóla sem eru ekki hannaðir til slíks. Í skýrslunni er óljóst um hvaða þætti sé að ræða sem bæta verður úr. Almenn umfjöllun dugar ekki til að veita næga upplýsingagjöf hér.
- Þá er sömuleiðis óljóst um staðla um aðbúnað, aðgengi og aðstöðu sem skuli vera til staðar og það mál sé stærra en svo að sveitarfélagið geti brugðist hér við. Það er málefni ríkis og sveitarfélaga að skilgreina slíkt ef svo á að vera. Þar hefur sveitarfélagið ekki neina staðla við að styðjast og á meðan svo er erfitt fyrir sveitarfélagið að sjá hvað vantar. Einstök dæmi um vontun þurfa að koma fram. Kannski má líka halda því að of óljóst er hvaða áhrif lagaregluverkið um skólastigin frá 2008 hafði á aukna fjárbörf sveitarfélaga til aðgengis, aðbúnaðar og aðstöðu hafi breyst og slíkt væri skilgreint. Sveitarfélagið hefur ekki fengið nein skýr skilaboð eða fjármagn um slíkt.

*Staða haustið 2015:*

- Óljóst hvar umrædddar takmarkanir eru, hvers eðlis þær eru og eftir að leita sérstaklega að þeim.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemnd skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða málshaustið 2015
vii. Aukin upplýsingamiðlun milli sérfræðiþjónustu, barnaverndar og heilsugæslu.	Starfsfólk skóla kvartar um að upplýsingamiðlun sé ekki nægileg til þeirra.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Formlegt samstarf umræddra aðila haldi áfram.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samráðshópur er starfandi en upplýsingamiðlun er mest í aðra áttina, þ.e. frá skólunum.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:*

- Það hefur verið langvarandi sjónarmið hjá starfsfólk skóla að upplýsingagjöf til skólakerfis frá öðrum aðilum (heilbrigðis- og félagskerfi) séu aðeins í aðra áttina og það viti ekki nægilega vel hvað verði um veitta upplýsingagjöf frá skóla, þ.e. gagnkvæmni er ekki í gangi. Hér hafa farvegir trúnaðarferla fagstéttu verið ákveðinn þróskuldur í upplýsingamiðlun sem orsakar mun á sjónarhornum. Óljóst er hvort þessi þróskuldar eru hindrun eða hvort starfsfólk skólakerfis verði að lifa við það að vita ekki hvað gerist fyrir tilstilli hinna kerfanna án þess að slíkt valdi ónógrí samhæfingu í aðgerðum gagnvart einstaka nemendum. Fagkerfið í dag gerir því ráð fyrir takmarkaðri upplýsingagjöf milli aðila sem sérfræðiþjónustan ein stýrir ekki heldur samráð kerfanna allra. Hvort umrætt fyrirkomulag sé í heildina takmarkandi í því að þjónusta, með viðeigandi aðgerðum gagnvart nemendum og fjölskyldum þeirra, er hluti af stærri umræðu og leysist því ekki af sérfræðiþjónustunni í sjálfu sér.
- Það er meginþjónarmið sérfræðiþjónustunnar að samráð og samhæfing þjónustu allra fagkerfi þurfa að vera til staðar í teymisvinnu af margvíslegu tagi. Allt verklag sérfræðiþjónustunnar miðar að slíku. En hvort núverandi trúnaðarkerfi fagstéttu á Íslandi sé fullnægjandi verður samræða þess sjálfss að svara (sjónarmið erlendis frá eru frekar í þá átt að trúnaðarkerfi einstakra fagstéttu séu hindrun en það er önnur saga, gjarnan rökstudd með vilja foreldra sem grunnþátt slíkrar þagmælsku).

*Staða haustið 2015:*

- Það er fast samráð með þessara þriggja kerfa með formlegum samráðsfundum um afmörkuð málefni, þ.e. einstaka nemendur. Margvíslegt samráð er að auki, t.d. í nemendaverndarráði skóla og öðrum sérstökum samráðsfundum um einstaka nemendur (teymi með fullt'ruum allrar kerfa sem koma að máli barns hverju sinni). Slíkt samstarf færir form á ákveðna upplýsingamiðlun og samhæfingu milli kerfanna sem er til góðs. Hvort slíkt er fullnægjandi mun reynslan leiða í ljós því form á samstarfi breytist með nýjum þörfum og aðstæðum og er stöðugt til umræðu innan sérfræðiþjónustunnar á reglulegum (vikulegum, á tveggja vikna, mánaðarlegum) fundum hennar.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemnd skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða málshaustið 2015
viii. Betri upplýsingagjöf milli skólastiga um 6 ára nemendur.	Kvartað um að upplýsingar berist ekki til umsjónarkennara í 6 ára bekk frá leikskóla sem lagðar hafi verið fram.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Endurskoða verkferla og verklag í skólaskilum 6 ára nemenda.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýtt verklag tekið upp haustið 2015 og fer í endurskoðun strax eftir það.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:*

- Það sjónarmið hefur verið í gangi að upplýsingagjöf milli skólastiga hafi ekki verið fullnægjandi í því að allar nauðsynlegar upplýsingar frá leikskólkennurum hafi ekki borist nægjanlega vel til grunn-skólkennara. Slíkt hafi orsakað rof í þjónustu við börn. Þessi orðræða er í gangi en óljóst með hver er veruleikinn að baki henni. En sérfræðiþjónustan hefur talið það ábyrgð sína að skoða leiðir til að endurskoða verklag við upplýsingamiðlun á mörkum skólastiganna.

*Staða haustið 2015:*

- Nýtt verklag fyrir upplýsingamiðlun leik- og grunnskóla í Hafnarfirði tók gildi fyrir skólaárið 2015-2016. Það er ekki að fullu komið í gildi svo reynsla þess er ekki komin í ljós. Nýja verklagið er reyndar gagnrýnt harkalega af skólastjórnendum grunnskólanna sem telja að nýja verklagið reynist þeim ekki til bættrar upplýsingagjafar, nema síður sé. Eftir er að láta reyna betur á þá upplýsingagjöf sem snýr að grunnskólakennurum. Umrætt verklag mun því fara í endurskoðun á haustmánuðum 2015 til að vera viss um að breytt fyrirkomulag verði örugglega til framfara.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemend skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðipjónustu	Staða máls haustið 2015
ix. Foreldrar fái aðgengi að gögnum.	<i>Um helmingur foreldra segist ekki hafa fengið aðgang að gögnum.</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynna foreldrum möguleika á aðgengi að gögnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fræðsla um aðgengi komin í drög að starfsáætlun skóla.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðipjónustunnar:*

- Það er meginþjónarmið sérfræðipjónustunnar að varðveisla trúnaðargagna sem lúta að mállefnunum einstakra nemenda með sérþarfir sé grundvallaratriði. Ákveðið verklag er um varðveislu gagna. Sömuleiðis hafa forrráðamenn nemenda alltaf aðgengi að gögnum um börn og fá jafnóðum aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum sem til verða, t.d. niðurstöðum greininga. Einnig fá foreldrar sérstaklega afhent fleiri gögn ef óskað er eftir þeim sérstaklega, s.s. það er lýtur að stjórnsýslulegum ferlum við úrvinnslu máls ef slíkt á við.
- Sérfræðipjónustan veitir foreldrum aðgang að öllum eldri persónugögnum barna sinna sé óskað eftir því.
- Þegar greiningar eru unnar fá foreldrar alltaf sjálfkrafa afrit af þeim án þess að óska þeirra sérstaklega.

*Staða haustið 2015:*

- Óbreytt en frekari kynningar framundan.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemend skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðipjónustu	Staða máls haustið 2015
x. Skólar veiti báðum foreldrum nægar upplýsingar um mállefni barna sinna.	<i>Foreldrar í sameiginlegu forræði kvarta undan að fá ekki nægar upplýsingar í samræmi við rétt sinn skv. barnalögum.</i>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekkert sérstakt verkefni í gangi, á að vera í ferli.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Unnið er eftir barnalögum.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðipjónustunnar:*

- Umrædd tillaga snýr ekki að sérfræðipjónustunni sérstaklega heldur öllu skólastarfi leik- og grunnskóla. Það hefur verið meginleiðarstefið að veita foreldrum upplýsingum um börn sín í samræmi við réttarstöðu og lagaákvæði þess efnis. Þetta verkefni er mest í höndum hvers skóla og þar miðlun til foreldra í gegnum upplýsingakerfi skóla (Mentor/Námfús og Stjórnandann). Stundum vill það vera tæknilegt vandamál í framkvæmd umræddra laga frekar en ætluð framkvæmd, þ.e. kerfi veita aðeins upplýsinga til annars foreldris og/eða ónógar upplýsingar séu um lagastöðu foreldra í einstaka tilvikum sem foreldrar þurfa að veita vitneskju um áður en þetta er mögulegt.
- Sérfræðipjónustan mun áréttu áherslur sínar í því að framfylgja ákvæðum barnalaga.

*Staða haustið 2015:*

- Óbreytt staða en skoðað frekar.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemend skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða máls haustið 2015
xi. Leita leiða til að stytta biðtíma í greiningum.	Mislanguð biðtími í einstöka þjónustu, allt upp í ár.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fara yfir verklag til að vinna að því að biðlistar séu eðlilegir.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Óljóst hvort biðlistar hafi styst, er í skoðun.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:*

- Stöðugt verkefni að mæta öllum óskum um greiningar. Núna mikil fjölgun talmeinagreininga þar sem verið er að skoða hvað sé hægt að gera. Fjölgun talmeinabeiðna í samhengi við fjölgun talmeinafræðinga.

*Staða haustið 2015:*

- Greiningarbeiðnum hefur ekki fækkað umtalsvert en verið er að skoða með fækkun biðlista í talmeinaþjónustu. Verktakar hafa einnig verið ráðnir tímabundið til að grynda á biðlistum í talmeinaþjónust, þ.e. skólaárið 2014-2015, og er áfram í skoðun.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemend skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða máls haustið 2015
xii. Foreldrar séu upplýstir um aðgengi að túlkapjónustu.	Það viti ekki allir foreldrar um rétt til túlkapjónustu (72% samkvæmt könnun).	<ul style="list-style-type: none"> <li>Aukið fjármagn til túlkapjónustu.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Tílkun veitt í nauðsynlegum viðtölum.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:*

- Það er ekki skrytið að það viti ekki allir um túlkapjónustumöguleika. Starfsfólk skóla/sérfræðibjónustunnar kallar eftir túlkum þegar ástæða/tilefni er til, þ.e. í öll samtöl sem tengjast málefnum einstakra nemenda og einhver vafi er á því að foreldrar skilji íslensku nægilega vel.
- Þess utan munum við kynna möguleika á túlkapjónustu í upplýsingagjöf sérfræðibjónustunnar í starfsáætlunar skóla (en þær eru eingöngu á íslensku og nái því lítið til þeirra sem skilja ekki íslensku). Svo við höfum talið það bestu leiðoina að fá túlka þar sem þörf er á frekar en að kynna þá möguleika sérstaklega. Starfsfólk kallar til túlkapjónustu eftir nauðsyn.
- Svo er það sérstakt viðfangsefni að skilgreina hvenær foreldrar skuli fá túlkapjónustu. Túlkapjónusta nær til viðtala til foreldra en þá eru aðrir þættir í skólastarfinu úttundan, s.s. almennir foreldrafundir í skólum, fræðslufundir (um forvarnir m.a.) og sérstök skilaboð til foreldra. Í þeim skilningi missa foreldrar af erlendu bergi alltaf af einhverri upplýsingaöflun sem þeim er nauðsynleg. Það sem gefið er hér til kynna að sjónarmiðið er hér að túlkapjónusta sé frekar málefni sérfræðibjónustu en erlenda foreldra, þ.e. sérfræðibjónustan tryggir að hún geti miðlað upplýsingum en erlendir foreldrar hafa hér lítt inn frumkvæðisrétt.

*Staða haustið 2015:*

- Á árinu 2014 og árinu 2015 hefur verið aukið fjármagn í málauflokkinn, t.d. fengu grunnskólarnir í bænum sérstaka 2,5 miljón króna aukningu á framlögum til að bæta túlkapjónustu. Svo það er aukning á fjármunum til túlkapjónustu og áætla má að hún muni aðeins aukast á næstu árum – sérstaklega ef ríkisvaldið sinnir ekki betur íslenskukennslu til nýrra íbúa sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Það hlýtur að vera mikilvægt að allir geti orðið sjálfbjarga á íslensku.
- Aukin upplýsingagjöf til erlendra foreldraá vef bæjarins er búið að þýða en eftir er að koma á vef bæjarins því hann er í endurskoðun.
- Sérstakur samráðshópur er kominn hjá bænum til að samhæfa málefni erlendra borgara á Íslandi og þjónustu við fjölskyldur þeirra. Er í höndum fjölskyldubjónustu bæjarins og en ekki fræðslubjónustu sem sérfræðibjónustan heyrir undir en fræðslubjónustan á fulltrúa í þeim hópi.

## 4.2 Starfshættir sérfræðibjónustu

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf-unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða málss haustið 2015
xiii. Að lokinni endurskoðun þarf að kynna verkferla og verklagsreglur fyrir starfsmenn og foreldra.	Starfsfólk skóla segir þörf á kynningum.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynna verkferla og verklag að lokinni endurskoðun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fari í kynningu í starfs-áætlun grunnskóla fyrir skólaárið 2015-2016.</li> </ul>

Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:

- Líkt og fyrr hefur verið haldið fram hér í aðgerðaáætluninni er umfang sérfræðibjónustunnar umfangsmikið og kynning á henni í einu lagi ekki verið sérstaklega viðhöfð fram að þessu – enda ekki sérstök krafa um það í regluverkinu. Afmarkaðir þjónustubættir hafa verið kynntir eins og þörf hefur verið talin á á hverjum tíma og er raunhæfara verkefni því stöðugt er verið að endurskoða verklag og verkferla.
- Verklag og og verklagsferlar sérfræðibjónustunnar hefur verið í endurskoðun í nokkurn tíma, m.a. út frá breytingum sem urðu á lagaumhverfi hennar síðustu ár. Verklagsreglur hafa verið endurskoðaðar og ekki er séð fyrir endann á því, þ.e. verklagsreglur taka til margra þátta og aðeins er lokið endurskoðun á hluta þeirra því nýjar kröfur regluverksins eru þar talsverðar. Því hefur kynning á þeim beðið sömuleiðis. En ítarleg vinna er í gangi um endurskoðun samhliða því að sinna þjónustunni.

Staða haustið 2015:

- Kynning á sérfræðibjónustunni, sérstaklega verklagi en ekki öllum verklagsreglum, er tilbúin haustið 2015 fyrir grunnskóla. Það er sérstök kynning sem fer í starfsáætlanir grunnskólanna sem nú eru í vinnslu fyrir skólaárið 2015-2016. Samhliða því er eftir að ákveða hvort þörf verði á frekari kynningum fyrir foreldrahópinn almennt í formi kynninga augliti til auglitis en látið duga vinna með einstaka foreldrum eftir því sem við á.
- Í undirbúningi er frekari vinna með fulltrúum foreldra í skóla- og foreldraráðum og stjórnum foreldrafélaga sem ekki er séð fyrri endann á.
- Jafnframt er unnið í því að yfirfara verklagsreglur sem tilheyra sérfræðibjónustunni og ólokið er endurskoðun á. Stefnt er að því að þeiri endurskoðun ljúki á skólaárinu 2015-2016.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf-unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða málss haustið 2015
xiv. Efla forvarnir í skólastarfi enn frekar.	Gera má betur en óljóst hvað það er sem gera má betur.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Forvarnir í skólastarfi fái áfram forgang í starfsháttum sérfræðibjónustunnar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Forvarnir eru í gangi og forgangsröðun breytist við nýjar aðstæður.</li> </ul>

Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:

- Sérfræðibjónustan hefur lagt miklar áherslu á forvarnir hin síðustu, bæði almennar og sértækar. Sértækar forvarnir hafa alltaf verði verkefni sérfræðibjónustunnar, þ.e. koma sem mest í veg fyrir námsvanda hjá nemendum með viðeigandi stuðningi. Augljóst dæmi um slíkt er tilurð PMTO, með sérstakri áherslu á SMT-skólfæðni, í því að draga sem mest úr hegðunarvanda nemenda svo tíminn í skólanum nýtist sem best í námi. Almennar forvarnir eru hins vegar nýrrí á nálinni í því að skilgreina þær hluta af sérfræðibjónustunni. Þar hafa forvarnir ofbeldis verið ofarlega á dagskrá skólastarfsins síðustu árin, ekki síst forvarnir gegn einelti og kynferðislegu ofbeldi. Á þeim grunni hefur sérfræðibjónustan verið að vinna drög að forvarniviðmiðum í ljósi nýrrar aðalnámskrár.
- Ákveðinn vandi hér er afmörkun á orðinu „forvarnir“ sem hlutið hefur mjög almenna skírskotun í samfélagsumræðunni, nær nánast til allra hluta. Sérfræðibjónustan hefur skipt verkefnu msínum í tvennt, faghluta (náms- og þroskavandi með viðeigandi aðgerðum) og forvarnahluta (þrjú meginvið

sem eru náttúrulegar (ytri vá náttúru í íslensku samhengi), félagslegar (ofbeldi af ýmsu tagi í skóla og samfélagi) og persónulegar (lýðheilsa, sjálfsrækt og fíknivarnir). Handbók sérfræðibjónustunnar um forvarnir í skólastarfi er langt komin í vinnslu og heldur enn áfram

#### *Staða haustið 2015:*

- Forvarnir í skólastarfi halda stöðugt áfram. Forvarnaviðmið sérfræðibjónustunnar eru enn í smíðum og óljóst hvenær þeim lýkur. Á skólaárinu 2014-2015 jukum við fræðslu til foreldra með nýjum áherslum, þ.e. ný fræðsla um kvíða ungra barna (Litlir, klókir krakkar).
- Handbók um starfsviðmið forvarna í skólastarfi er enn í mótu og hefur verið frá árinu 2010.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemnd skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða máls haustið 2015
xv. Huga að forvörnum fyrir nemendur af erlendu bergi sérstaklega.	Engar sérstakar röksemmdir studdu þessa tillögu.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Málefni nemenda af erlendu bergi í sérstöku vinnuferli</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinna í gangi en engin sérstök átok í gangi.</li> </ul>

#### *Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:*

- Málefni nemenda af erlendu bergi hafa verið til umfjöllunar í bæjarkerfinu síðustu ár, bæði innan fræðsluþjónustu og fjölskyludþjónustu. Árið 2013 voru lagðar fram tillögur um frekari þjónustu sem að hluta til tóku gildi árið 2014. Málefni erlendra nemenda eru því í skoðun. Nauðsynlegt er að auka þjónustu við erlenda nemendur og hugsanlega er því þörf aukins fjármagn til þess, þ.e. erfitt er að koma við auknum stuðningi nema með auknum séraðgerðum og þá frekar sérhæfðum en almennum.
- Nauðsynlegt er að skilgreina, á landsvísu frekar en staðbundið, sérstakar forvarnir sem þörf er fyrir nemendur af erlendu bergi og samhæfa slíkt á landsvísu frekar en að ætla einstaka sveitarfélögum að ákveða slíkt. Hver er sérvandi þeirra sem forvarnir þurfa að fást við? Ónóg félagsleg þátttaka (t.d. í tómstundastarfi) vegna fátæktar eða annarra þátta? Verða fyrir ofbeldi (rasistaviðbrögð)? Líklegr til að verða fíkn (tóbaks, áfengis, eiturlýfja) að bráð? Verkefnið er samfélagslegt, ekki bara sveitrfélags heldur einnig ríkis og félagasamtaka.

#### *Staða haustið 2015:*

- Stofnaður hefur verið af fjölskylduráði bæjarins sérstakur samráðshópur um málefni erlendra íbúa þar sem nemendur í leik- og grunnskólum eru sérstakur hópur sem er í forgrunni. Fræðsluþjónustan hefur fulltrúa í þeim hópi. Þá er fjölgun nemendu af erlendu bergi í grunnskólum haustið 2015. Skólaárið 2014-2015 voru 7% nemenda grunnskólanna af erlendu bergi, tvítyngdir, og inn í 1. bekk skráðust 14% nemenda tvítyngdir en 7% þeirra sem luku náminu síðasta skólaár. Svo tvítyngdir nemendur grunnskólanna eru nú 8% nemenda. Á næstu árum má því búast við talsverðri fjölgun tvítyngdra nemenda í grunnskólunum svo áætla má að þeir verði 10-15% nemendafjöldans með þörfum um frekari stuðning í námi. Hvernig á að bregðast við því?

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemnd skýrsluhöfunda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða máls haustið 2015
xvi. Auka eftirfylgni og mat á árangri í vægari málum.	Frá starfsfólk og foreldrum í leikskóla kom betta sjónarmið fram í rýnihópi.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoðað verði með matskerfi á árangri sérfræðibjónustunnar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Enn í skoðun.</li> </ul>

#### *Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:*

- Það er eðli starfsháttar í sérfræðibjónustunni að málum er fylgt eftir meðan talin er á því þörf. Málum lýkur þegar nemandi lýkur grunnskóla eða fyrr ef samstaða er um að ekki sé þörf fyrir aðkomu sérfræðibjónustu að einstaka málum, þ.e. teymisvinnu lýkur í mörgum tilvikum. Á móti kemur að ekki

er lagt formlegt mat á hvert einstakt mál og því lokið með afgreiðslu um mat á stöðu þess og árangri á samhæfðan eða staðlaðan hátt. Slíkt kerfi höfum við ekki útbúið og vitum heldur ekki til þess að slíkt sé til á íslandi eða sérfræðiþjónusta nokkurs sveitarfélags geri það. Hefur ríkisvaldið einhver mælitæki hér til stuðnings?

- Þaðer sjónarmið sérfræðiþjónustu að máli á ekki að vera lokið fyrr en lagt hefur verið þaðmát á það að ekki sé þörf frekari aðkomu sérfræðiþjónustunnar að því, hvort heldur innan skóla eða frá hendi Skólaskrifstofu (svo lok máls getur verið tvískipt, ýmist af Skólaskrifstofu og/eða skóla).

#### *Staða haustið 2015:*

- Innan sérfræðiþjónustunnar var sérstaklega farið yfir mál allra nemenda sem koma inn á borð Skólaskrifstofunnar skólaárið 2014-2015 og metin staða og þörf fyrir þjónustu skólaárið 2015-2016.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf- unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða máls haustið 2015
xvii. Sveitarfélagið skoði aðkomu sína að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra.	Fáir foreldrar sammála því að sérfræðiþjónustan styddi vel við foreldra.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skoðað verði almennt hvaða þjónustu sérfræðiþjónustan eigi að gegna í almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Enn í skoðun.</li> </ul>

#### *Sjónarmið sérfræðiþjónustunnar:*

- Það hefur verið meginþjónarmið í skólastarfi leik- og grunnskóla að það sé starfsfólk skólanna sem eigi samskipti og tengsl við foreldra nemenda og fæstir þeirra tilheyra „sérfræðiþjónustunni“. Í dag fer þar margvísleg ráðgjöf og fræðsla í gegnum daglega starfshætti skólanna, s.s. í gegnum dagleg samskipti, tölvupóst, heimasíðu og fræðslufundi. Það er álið að það fyrirkomulag sé heppilegt í stöðunni.
- Hvað varðar aðkomu sérfræðiþjónustunnar að almennri ráðgjöf og fræðslu til foreldra hefur það verið meginþjónarhorn hennar að hún styður við skólanna þar á margvíslegan hátt. Kannski helst með því að leggja skólunum stundum til fræðsluerindi og ráðgjafa eftir því sem við á, sérstaklega þegar þörf hefur verið talin að bregðast við sérstökum aðstæðum á hverjum stað eða í sveitarfélagini. Það hefur verið sýn sérfræðiþjónustunnar að ráðgjöf til foreldra gerist mest í einstaka málum í því að stofnuð sé vinnuteymi með foreldrum nemenda sem eiga í miklum vanda. Slík teymi hittast reglulega, ákveða aðgerðir, samhæfa vinnu, vísa á frekari þjónustu og styðja við foreldra á sem mögulega flestan hátt. Við höfum ekki skráð fjölda slíkra vinnuteyma en á síðasta skólaári komu mál nálægt 80 grunnskólabarna inn að borð sérfræðiþjónustunnar á Skólaskrifstofunni. Um mörg þeirra eru starfandi vinnuteymi til skemmri eða lengri tíma.
- Sömuleiðis fer margvísleg samræða og ráðgjöf fram á milli skóla og foreldrafélags skóla sem ræðst af aðstæðum hverju sinni. T.d. komi fram aukning í drykkju unglings fram í skóla er farið í aðgerðir saman af skóla og foreldrafélagi og þar eru t.d. nýtt opinber gögn og mælingar.

#### *Staða haustið 2015:*

- Ekki hafa verið teknar neinar sérstakar ákvarðanir um nýja ferla í ráðgjöf og almennri fræðslu til foreldra frá sérfræðiþjónustunni og óljóst hvaða áherslur ættu að vera þar.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf- unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðiþjónustu	Staða máls haustið 2015
xviii. Sérfræðiþjónustan skilgreini stuðning sinn við foreldrafélög, foreldra-, og skólaráð skólanna.	Það þurfi að kynna umræddum aðilum þjónustu því þeir hafi lögbundin hlutverk.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ekki neitt verið ákveðið hér.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Óbreytt.</li> </ul>

*Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:*

- Í 13. gr. reglugerðar um sérfræðibjónustu við leik- og grunnskóla nr. 584/2010 er kveðið á um ráðgjöf og stuðning sérfræðibjónustu við vettvanga foreldra í skólastarfi „vegna lögbundinnar starfsemi þeirra“. Ekki liggur ljóst fyrir hvers eðlis umrædd ráðgjöf og stuðningur þarf að vera hér. Verkefni sem skilgreind sem hluti skólaráðs (8. gr. grunnskólalaga) tengjast ekki sérfræðibjónustu, foreldraráði leikskóla (11. gr. leikskólalaga) eða foreldrafélögum (10. gr. leikskólalaga og í 9. gr. grunnskólalaga) eiga ekki beina tengingu við sérfræðibjónustu sveitarfélags. Erfitt er því að sjá í hverju sérfræðibjónustan eigi að skilgreina sérstaklega stuðning sinn við umrædda aðila þar sem þeir hafa engin bein tengsl við sérfræðibjónustuna heldur almenna starfs- og rekstarþætti.
- Sérfræðibjónustan lýtur samt svo á að umræddir aðilar eigi að fá stuðning og ráðgjöf almennt séð, t.d. sem snýr að skólanámskrám og starfsáætlunum, sem þurfi að skilgreina sérstaklega. Þenn sem komið er séu þessi viðfangsefni í mótu og því sé enn í mótu hver stuðningur á að vera við ofangreind ráð og félög.
- Umrætt atriði um þjónustu við foreldra snýr frekar að „skólaþjónustu“ er „sérfræðibjónustu“ sem einnig er í skoðun gagnvart foreldrum af sveitarfélagini.

*Staða haustið 2015:*

- Málið er í skoðun, vinnslu.

Aðgerð til úrbóta samkvæmt skýrslu	Röksemد skýrsluhöf- unda að séð verður	Úrbótaverkefni sérfræðibjónustu	Staða máls haustið 2015
xix. Frekari stuðningur við foreldrastarf í gegnum formlegt samráð.	Fræðsla er veitt sé hennar óskað og meiri ætti að vera af sílu?	• Ekkert.	• Óbreytt.

*Sjónarmið sérfræðibjónustunnar:*

- Það er meginþjónarmið sérfræðibjónustunnar hér að veita stuðning ef óskað er en ekki að skilgreina hann sjálfur að eigin frumkvæði. Foreldrar og félögforeldra ættu að hafa hér frekari virni.

*Staða haustið 2015:*

- Ekkert sérstakt í stöðunni.

#### 4. LOKAORD

Umfang viðfangsefnisins „sérfræðibjónusta við leik- og grunnskóla“, sem skólamiðuð þjónusta sveitarfélaga við börn og starfsfólk leik- og grunnskóla, er engin veginn fullkomlega ljóst, skýrt eða mjög afmarkað út frá regluverki umræddra skólastiga. Í því felst að verkefni og starfshættir sérfræðibjónustu eru alls ekki bundnir eða staðlaðir sem gerir það að verkum að líklegt er að „sérfræðibjónusta“ starfar á ólíka vegu eftir sveitarfélögum, þ.e. aðstæðum af ýmsu tagi sem ýmist mætti skilgreina sem „innri“ og „ytri“ aðstæður. Líklegt má telja að regluverkið sem slíkt feli þrátt fyrir það í sér að „nemendur“ séu nokkuð skýrt afmarkaður hópur þótt viðbótin „með sérþarfir“ gefi til kynna að margbreytileika þarf í þjónustu við þá sem erfitt er að „staðla“. Sérfræðibjónustan hefur fengið ítarlegri verkefni með nýju regluverki fyrir skólastigin tvö en áður án þess að sýnilegt hafi verið að sveitarfélöginn fengju sérstakt fjármagns til slíks í samhengi við endurskoðun regluverksins með lögnum frá árinu 2008.

Sérfræðibjónusta við leik- og grunnskólanemendur í skólum sveitarfélagsins Hafnarfjarðar hefur lagt áherslu á að mæta margvíslegum þörfum, nemenda, foreldra og starfsmanna, bæði almennum og sértækum. Þannig sé stöðugt verið að þróa þjónustu út frá þeim fjárhagslegu forsendum sem bæjarfélagið leggur sérfræðibjónustunni til árlega. Þjónustan hefur miðað að því að samhæfa stöðugt betur vinnu um einstaka nemendur og leggja aukna rækt á teymisvinnu og almenna fræðslu, til starfsmanna sérstaklega, og þá út frá sjónarmiðum forvarna aðallega. Innan sérfræðibjónustunnar hefur áherslan verið lögð á að endurskoða verklag og verkferla í ljósi nýs regluverks. Sömuleiðis að auðvelda aðgengi að þjónustunni. Úttekt ráðuneytis teljum við samt vera gerða „á miðri leið“, þ.e. innleiðingu regluverksins er ekki lokið. T.d. er það fyrst skólaárið 2015-2016 sem aðalnámskrá grunnskóla tekur að fullu gildi. Enn eru verkefni í vinnslu og þar fyrir utan eru starfshættir sífellt í umræðu og endurskoðun.

Að því sögðu er ekki verið að „afsaka“ að ekki sé búið að innleiða eða taka í noktun nýja verkferla fyrir „alla“ þætti sérfræðibjónustunnar enn sem komið er og úttekt ráðuneytisins ber að einhverju leyti vott um. En hve mikið er eftir er erfitt að segja því úttektin byggir ekki á neinum viðmiðum, raunhæfum eða óraunhæfum, um hver eða hvernig framkvæmd sérfræðibjónustu eigi að vera. Í ljósi þess verður að telja að það sé matsatriði hvernig sérfræðibjónusta er talin standa og sinna verkefnum sínum – og skýrslan umrædda gefur kannski ekki skýrt til kynna stöðuna í Hafnarfirði (mjög góð, góð, fullnægjandi að hluta eða mikilla umbóta þörf á öllum svíðum). Það er þó mat okkar, sem fagfólk með stjórnunarlega verkefnaábyrgð á sérfræðibjónustu við leik- og grunnskóla í Hafnarfirði, að mikil fagleg ábyrgð er lögð í verklag og verkferla hennar til að sérfræðibjónustan standi undir nafni og sinni vel verkefnum sínum. Umfang þjónustunnar er þó takmarkað af þeim fjárhheimildum sem veittar eru til hennar árlega í fjárhagsáætlunum bæjarins og framkvæmdin tekur mið af faglegri getu innan þess. Sérfræðibjónustan leggur metnað sinn í að starfshættir hennar séu í samræmi við regluverkið, verklagið beri vott um fagmennsku og framkvæmdin skili árangri fyrir skjólstæðinga hennar, hvort sem það eru nemendur, foreldrar eða starfsfólk skólanna. Öðru vísí erum við ekki sátt við stjórnunarþátt okkar á sérfræðibjónustu við leik- og grunnskóla Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfirði 31. ágúst 2015.

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri sálfræði- og talmeinaþjónustu

Jenny Dagbjört Guðnarsdóttir, þróunarfulltrúi leikskóla

Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla